

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á loðnu-
afurðum fyrir tímabilið 15. júlí til 31. desember 1978.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir tímabilið 15. júlí til 31. desember 1978:

Loðnumjöl, \$ 6.60 á próteineiningu í lest.

Loðnulýsi, \$ 460.00 fyrir hverja lest.

Verðbil verður ekkert.

Verðið miðast við cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkja-dollar, \$ 1 = 259.80.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 60% af verðbreytingum frá grundvallarverði.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu, ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. júlí 1978.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

24. júlí 1978.

Nr. 265.

REGLUGERÐ

um Ferðamálasjóð.

1. gr.

Ferðamálasjóður er stofnaður samkvæmt 23. gr. laga um skipulag ferðamála, nr. 60 31. maí 1976, og aflað tekna samkvæmt 25. gr. sömu laga.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að byggingu gisti- og veitingahúsa í landinu, með lánnum eða óafturkræfum framlögum, svo og að bæta á annan hátt með lánveitingum skilyrði til móttöku og aðbúnaðar fyrir ferðamenn.

3. gr.

Umsóknir um lán og framlög úr Ferðamálasjóði skulu sendar Ferðamálaráði Íslands, sem fjallar um þær á fundi og vísar þeim til stjórnarnefndar, sbr. næstu mgr., ef ástæða þykir til.

Sérstök þriggja manna stjórnarnefnd, sem kosin er af Ferðamálaráði og til sama tíma og ráðið, fjallar um umsóknirnar og gerir tillögur um einstakar lánveitingar og framlög til Ferðamálaráðs, sem afgreiðir þær á fundi.

Allar ákvarðanir Ferðamálaráðs um ráðstöfun fjár úr Ferðamálasjóði skulu lagðar fyrir samgönguráðherra til staðfestingar.

4. gr.

Umsóknum skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um, hvernig verja eigi lánsfénu, efnahags- og rekstrarreikningar síðasta árs, ef um eldra fyrirtæki er að ræða, uppdrættir af byggingum og lýsing á búnaði og fyrirkomulagi.

Við athugun á teikningum, búnaði og fyrirkomulagi skal þess gætt, að í samræmi sé við lög og reglugerðir um veitingasölu og gístistaðahald, svo og lög um heilbrigðis- og hollustuhætti.

5. gr.

Búnaðarbanki Íslands annast vörslu Ferðamálasjóðs, bókhald, innheimtu og útborganir, svo og mat á þeim tryggingum, sem settar eru fyrir lánum úr sjóðnum.

Samið skal um sérstaka þóknun til bankans til að standa undir kostnaði við rekstur og umsjón sjóðsins.

6. gr.

Ekkert lán má vera hærra en sem nemur $\frac{1}{3}$ hluta þess fjár, sem sjóðurinn getur haft til útlána á árinu, að lánsfé meðtöldu. Eigi má lána meira til eins verks en sem nemur $\frac{2}{3}$ hlutum af áætluðu kostnaðarverði.

Rekstrarlán er óheimilt að veita úr Ferðamálasjóði.

7. gr.

Lán eru ekki framseljanleg nema með leyfi Ferðamálaráðs. Verði rekstri þeim hætt, sem skapað hefur rétt til láns, hefur Ferðamálaráð heimild til þess að krefjast greiðslu á eftirstöðvum lánsins.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um skipulag ferðamála, nr. 60 31. maí 1976, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur niður reglugerð um Ferðamála-sjóð nr. 272 31. desember 1964.

Samgönguráðuneytið, 24. júlí 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Ólafur S. Valdimarsson.

REGLUGERÐ

um almennar ferðaskrifstofur.

1. gr.

Almennar ferðaskrifstofur gegna því hlutverki að veita í atvinnuskyni þjónustu fyrir almenning, sem nánar greinir í 14. gr. laga um skipulag ferðamála, nr. 60 31. maí 1976.

2. gr.

Til þess að reka almenna ferðaskrifstofu þarf leyfi samgönguráðuneytisins, hvort heldur er um að ræða aðalskrifstofu eða útibú.